

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/704

2016/EES/52/10

frá 30. apríl 2015

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1881/2006 að því er varðar hámarksgildi fyrir ódíoxínlík PCB-efni í villtum háfi (*Squalus acanthias*) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 <sup>(2)</sup> eru fastsett hámarksgildi fyrir díoxín, fjöklóruð díoxínlík bifényl (PCB-efni) og ódíoxínlík PCB-efni í fiski og lagarafurðum.
- 2) Samtök hagsmunaaðila lögðu fram gögn um tilvist ódíoxínlíkra PCB-efna í villtum háfi (*Squalus acanthias*). Af þeim gögnum má sjá að í mörgum tilvikum nást ekki núverandi hámarksgildi, 75 ng/g blautvigt, með því að fylgja góðum starfsvenjum í sjávarútvegi við venjulegar aðstæður við veiðar og eldi. Framlögðu gögnin sýna fram á að núverandi hámarksgildi eru ekki í samræmi við þá meginreglu að hámarksgildi aðskotaefna séu fastsett við eins lágt gildi og raunhæft er að ætlast til að megi ná. Því er rétt að hækka núverandi hámarksgildi ódíoxínlíkra PCB-efna í villtum háfi (*Squalus acanthias*) án þess að það stofni lýðheilsu í hættu.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1881/2006 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 1.5.2015, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum (Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5).

## VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1881/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 5.3. komi eftirfarandi:

|      |   |                       |                       |                       |
|------|---|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| „5.3 | Fiskhold og fiskafurðir og afurðir úr þeim <sup>(25)</sup> <sup>(34)</sup> að eftirfarandi undanskildu:<br>— villtum ál<br>— villtum háfi ( <i>Squalus acanthias</i> )<br>— villtum ferskvatnsfiski, að undanskildum tegundum sjó- og vatnagöngufiska sem eru veiddar í fersku vatni<br>— fisklifur og afleiddum afurðum<br>— olíu úr sjávardýrum<br>Hámarksgildið fyrir krabbadýr gildir fyrir fiskhold af útlimum og afturból <sup>(44)</sup> . Ef um er að ræða krabba og krabbadýr sem líkjast kröbbum (stutthali ( <i>Brachyura</i> ) og krabbar af ættinni <i>Anomura</i> ) gildir hámarksgildið fyrir fiskhold af útlimum. | 3,5 pg/g<br>blautvigt | 6,5 pg/g<br>blautvigt | 75 ng/g<br>blautvigt“ |
|------|---|-----------------------|-----------------------|-----------------------|

2) Eftirfarandi liður 5.4a bætist við á eftir lið 5.4:

|       |   |                       |                       |                        |
|-------|---|-----------------------|-----------------------|------------------------|
| „5.4a | Fiskhold af villtum háfi ( <i>Squalus acanthias</i> ) og afurðir úr því <sup>(34)</sup> | 3,5 pg/g<br>blautvigt | 6,5 pg/g<br>blautvigt | 200 ng/g<br>blautvigt“ |
|-------|---|-----------------------|-----------------------|------------------------|